



### Byggingarlýsing: áður byggt og samþykkt hús.

Húsið var samþykkt árið 2007 í tíð eldri reglugerðar og þá hannað á þann veg að það væri einangrað að utanverðu og klætt flísum. Húsið var steypt upp þá en hefur staðið opið og ófrágengið án glugga, einangrunar eða þakfrágangs. Nýr eigandi vill eindregið einangra húsið að innan og sléttþússa að utan og mála hvítt. Teikningum er því breytt hér á þann veg.

Húsið er uppsteypt á hefðbundinn máta, einangrað að innan með 100 mm plasteinangrun. 75 mm plasteinangrun á þjöppuðu sandlagi undir gólfplötu. Húsið er uppsteypt á staðnum, einangrað að innan að hluta til og að hluta til úti, að utan sléttþússað. Ákveðnir fletir þó klæddir zedrusviði lárétt, eins og t.d við inngang. Vatns og rafagnir eru lagðar í steypu eða rör í rör kerfi. Gólfhitakerfi verður í öllum gólfum, þ.e. ekki hefðbundið ofnakerfi. Gluggar smíðast úr timbri í samræmi við ÍST 40 og 41, ísteyptir en áklæddir gráir að utan. Þar sem björgunarop eru í gluggum er ljósop opsins 50 cm eða meira. Innanmál útihurða er amk. 90 cm.

Allt húsið er með flötu þaki. Steyptri loftplötu skal halla að niðurföllum við útveggi, frágengið með ásoðnum pappalögum og rakaþolinni einangrun. Malarfarg yfir. Reykskynjarar komi í hol og svefndeild og slökkvitæki staðsetjist á miðlægum stað í húsinu. Sorpgæmsla er stakstæð, en hluti af súlu við skyggni steypt á staðnum, sjá sérteikn. Veggir milli íbúðar og bílskúrs séu EI 60 og hurð EICS 30 milli bílskúrs og íbúðar.

Hámarks U gildi einstakra byggingahluta sé sem hér segir: W/m2k  
þak: 0.2  
útveggir: 0.4  
gluggar, (karmar vegið meðaltal glers, k-gler.) 2.0  
hurðir: 3.0  
gólf á fyllingu: 0.3  
útveggir, vegið meðaltal (veggfl. gluggar og hurðir) 0.85  
lóð: 644.0m2  
brúttóflötur: 227.5 m2 br. þarf að skoða út frá nýri skráningartöflu.  
brúttórúmmál: 824.9m3 br. --- --- ---  
nýtingarhlutfall: 0.36

### Áður samþykkt og byggt hús

verkefni.:  
**Glitvellir 13, Hafnarfirði**  
verkhúti.:  
yfirlitsmynd, sneiðingar, bygging.

mkv.:	1:500 1:100
dags.:	14.09.15
hannað.:	GG
teiknað.:	GG/PL
blaðstærð.:	A-2

Teiknistofan Archus sif.  
Stórhöfða 17, 110 Reykjavík  
s: 5677735, 8987894  
kt: 681212-0860  
www.archus.is

Guðmundur Gunnlaugsson, arkitekt FAÍ  
kt: 190554-3419 - gg@archus.is

samp.:

teikn.nr.:  
  
01